

Mál nr. 218/2010

**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss í nýbyggingu þann 23.1.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 16.7.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 4.8.2010.

Málsatvik.

Að morgni slysdags rann M til á og datt á hálkubletti í bifreiðageymslu sem var í byggingu við fjölbýlishús. M hafði sleggju í hendi og er hann féll klemmdist langatöng vinstri handar á milli sleggjunnar og gólfsins. Missti M framan af fingrinum.

M kveður vatnspolla á gólfi bifreiðageymslunnar hafa frosið er kólnaði um nóttina. Engin lýsing hafi verið í bifreiðageymslunni og sökum myrkurs hafi verið dimmt þar inni. Kveður M lýsingu og aðstæður að öðru leyti hafa verið ófullnægjandi á vinnustaðnum sem ekki hafi verið í samræmi við ýmis ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum né ýmis ákvæði í reglugerðum settum samkvæmt lögnum. M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Fyrir liggur í málinu að M er lærður húsasmiður og unnið um árabíl í þeirri iðngrein. Slysið mun hafa orðið í byrjun vinnudags. M átti að gera sér grein fyrir að það hafi fryst um nóttina og við slíkar aðstæður gætu hálkublettir myndast í bifreiðageymslunni sem var í byggingu. Ekki er um það deilt að ljós voru tiltæk á staðnum. Ekki verður ráðið af gögnum málsins að ætlast hafi verið til þess að M færi inn í bygginguna áður en ljós voru kveikt. Að öllu virtu þykir ekki hafa verið sýnt fram á að slysið verði rakið til þess að vinnuveitandi M hafi vanrækt að gæta að öryggi starfsmanna sinna á vinnustaðnum eða annarra atvika sem hann ber skaðabótaábyrgð á. Því bætist tjón hans ekki úr ábyrgðartryggingunni hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki.

Reykjavík, 24. ágúst 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.